



Framkvæmdasýslan Ríkiseignir

13. jún. 23

Bt. Eva Dís Þórðardóttir

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Efni: Kláfur í Esjuhlíðum Umsögn

Skógræktarfélagi Reykjavíkur hefur mótttekið bréf dagsett 31. maí þar sem óskað er eftir umsögn félagsins um svifbraut (kláf) í Esjuhlíðum. Félagið hefur haft umsjón með útvistarsvæðunum í Esjuhlíðum frá aldamótum og unnið markvisst að því að byggja upp útvistarsvæði fyrir fjölbreytta hópa fólks. Félagið er jákvætt gagnvart verkefninu og telur að það geti orðið til þess að styrkja Esjuhlíðar enn frekar sem útvistarsvæði. Félagið er almannaheillafélag og telur mikilvægt að sem flestir geti notið náttúru, útvistar og upplifana í Esjuhlíðum. Því mælist félagið til þess að aðgöngueyri verði stillt í hóf.

Sem umsjónaraðili útvistarsvæðanna í Esjuhlíðum hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur staðið fyrir mikilli uppbyggingu útvistarinnviða síðustu áratugi. Félagið mælist til þess að náið samráð verði við félagið um nánari útfærslu á staðsetningu svifbrautarinnar.

Skógræktarfélag Reykjavíkur telur að bygging kláfs feli í sér innviðauppbyggingu sem verði til að styrkja útvistarsvæðið. Álag á göngustíga er þó þegar mikið og gera má ráð fyrir að umferð aukist enn frekar með framkvæmdum sem þessum. Leggur félagið til að hluti af fargjaldi verði eyrnamerkur frekari uppbyggingu og viðhaldi innviða útvistarsvæðisins í Esjuhlíðum þannig að svæðið styrkist og eflist.


Í Esjuhlíðum er víðtæk skógrækt sem unnið hefur verið að í áratugi. Félagið óskar eftir að vera með í ráðum um nákvæma staðsetningu svifbrautarinnar því skógorinn getur orðið um 40 metra hár þegar fram líða stundir. Hægt er að haga línustæðinu þannig að ekki þurfi að grisja. Ef fella þarf skóg vegna áformaðra mannvirkja eða á framkvæmdartíma, áskilur félagið sér rétt til að krefjast bóta vegna skemmda á trjágróðri.

Milli Rauðhamra og Geithóls, þar sem meðfylgjandi gögn gera ráð fyrir að kláfur fari uppá þverfellshorn, hafa orðið alvarleg snjóflóðaslys. Skógræktarfélag Reykjavíkur hvetur til þess að umsögn Veðurstofu Íslands liggi fyrir áður en að framkvæmdum kemur.

Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur til að milliklásstöð sé við Rauðhól. Stöðina yrði hægt að nota sem stoppistöð fyrir fjölbreyta útvist s.s. hjólreiðar og fjölskyldugöngur. Við Rauðhól er einnig töluvert annað veður en uppá brún og opnast útvistarmöguleikar fyrir fjölbreyttari útvist og yfir lengra tímabil á árinu.


Undir fyrirhugaðri línuleið er Arboretum eða Trjásafn, það er í almennum skilningi grasafræðilegt safn sem samanstendur af trjám og runnum af ýmsum tegundum. Þetta er lifandi safn sem mun nýtast til víssindarannsókna og til uppfræðslu almennings. Markmið Arborets er að vera vettvangur víssindastarfs um aðlögun trjátegunda að loftslagsbreytingum, um fjölgun trjá- og runnategunda og afbrigða þeirra hér á landi, að efla þekkingu almennings á trjám og skilning á mikilvægi trjágróðurs. Trjásafnið er mikilvægt langtímaverkefni sem unnið hefur verið að árum saman og taka þarf tillit til á svæðinu.

Ávinningurinn af starfsemi Arboretums er af ýmsum toga. Reynslan hefur sýnt að trjásöfn eru undirstaða trjá- og skógræktar í hverju landi. Þá hefur mikilvægi Arboreta aukist með loftslagsbreytingum, þar sem aðlögun trjágróðurs að breyttu loftslagi og prófanir (reynsluræktun) á nýjum tegundum verður meira aðkallandi. Mikið sjálfboðaliðastarf hefur verið unnið af Trjáræktarklúbbnum í two áratugi við útvegum fræja sáningu og uppeldi plantna. Mikilvægt er að staðinn verði vörður um það starf og því í engu ógnað.



Mynd 1 kort af Arboretum Esjuhlíðum

f.h. Skógræktarfélags Reykjavíkur


Auður Kjartansdóttir



Skógræktarfélag
Reykjavíkur
www.skograekt.is